

Íslandssagan í öðru ljósi

Bókarheiti: **Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi.**

Ritstjórar: **Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir.**

Gagnrýnandi: **Guðbjörg Linda Rafnsdóttir**, prófessor í félagsfræði, Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Útgefendur: **Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, Reykjavík 2013, 331 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bókin *Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi* er ákaflega falleg. Bókarkápan er einstaklega vel hönnuð og nokkrar skemmtilegar myndir prýða einnig innsíður. Bókin er vel skipulögð og handbragðið allt ber vott um að henni hafi verið ritstýrt af kunnáttu og metnaði. Kaflarnir eru hver öðrum áhugaverðari. Lítil bein skörun er á milli þeirra, en góð samfella. Það sýnir að þrátt fyrir að höfundarnir komi úr ólíkum áttum fræðanna, þá eru þeir mjög vel til þess fallnir að kallast á.“

Bókin *Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi* er yfirgripsmikil og spannar hugmyndir um fötlun frá elstu goðsögnum Íslendinga til samtímans. Hún skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar um fötlun á fyrri öldum. Þar er dregin er upp mynd af hugmyndum um fötlun og fatlað fólk í goðsögum, Íslendingasögum og þjóðsögum fram til okkar daga. Í síðari hlutanum er fjallað um fötlun í menningu samtímans.

Bókin gerir því skil á hvern hátt hugmyndum um fötlun er miðlað, til dæmis í bókmenntum, myndverkum, með furðusýningum, sögum, á söfnum og í fjölmiðlum. Þannig má greina ráðandi orðræðu og hvernig samfélög ræða um, skilja og bregðast við fötlun. Gagnrýnin umfjöllun höfunda varpar ljósi á þá staðreynd að merking fötlunar verður til í menningu og viðmiðum hvers tíma. Lesandinn fær innsýn í margvíslegar hugmyndir fólks um hvað telst til miðlægra viðmiða og hvað er jaðarsett. Hvernig það sem telst „eðlilegt“ eða „óeðlilegt“, „heilbriggt“ eða „sjúkt“ tekur á sig mismunandi myndir í ólíkum samfélögum, menningarsvæðum og tímaskiðum. Höfundarnir fjórtán endurspeglar sannarlega breidd og margbreytilega orðræðunnar um fötlun og fötlunarfræði.



Inngangskafli ritstjóra, þeirra Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur, Ármanns Jakobssonar og Kristínar Björnsdóttur er ákaflega fróðlegur og varpar ljósi á þróun rannsókna á tengslum fötlunar og menningar. Kolfinna Jónatansdóttir fjallar um norræna guði og skerðingar. Hún fjallar sérstaklega um Tý, Óðinn, Heimdall, Hörð og Víðar og bendir á að í fornum textum hafi ekki verið fjallað um skerðingar þeirra sem vandamál. Þvert á móti þá hafi þær fremur verið dregnar fram þeim til framdráttar. Ármann Jakobsson fjallar um fötlun á Íslandi á miðöldum, svið sem lítt hefur verið rannsakað fram til þessa. Engu að síður sýnir hann að íslenskar heimildir frá þessum tíma eru auðugar af frásögnum um fötlun. Viðhorfin til fötlunar og skerðinga hvers konar voru þó ólík á miðöldum, eins og raunin er enn í dag. Eva Þórdís Ebenezersdóttir greinir frásagnir af umskiptingum í þjóðsögum og bendir á að þær fjalli ekki einungis um börn sem fæðst hafa með ólíka tegund skerðingar, heldur endurspegli sögurnar einnig viðhorf samfélagsins til móðurhlutverksins og til hins yfirnáttúrulega. Eiríkur Smith fjallar um sögu fatlaðs fólks á Íslandi frá þjóðveldistíma og fram til miðbiks 19. aldar, um þau lög sem mótuðu aðstæður fatlaðs fólks á þessum tíma og stofnanir sem sinntu umönnun þess, einkum klaustrin og spítalana. Sigurgeir Guðjónsson fjallar um hlutskipti fólks með geðsjúkdóma á 19. öld. Hann dregur sérstaklega upp mynd af aðstæðum sex einstaklinga; tveggja sem bjuggu í Reykjavík og fjögurra af landsbyggðinni sem hlutu örlögin „geðveikt förufólk“. Þannig er sýndur ólíkur aðbúnaður þeirra sem bjuggu í þéttbýli og í dreifbýli. Kristín Björnsdóttir fjallar um fatlað fólk sem hefur verið sýnt sem furðuverur í fjölleikahúsum, ýmist af eigin frumkvæði eða annarra. Sýningarnar endurspeglar dapurlega stöðu þessara einstaklinga í samfélaginu og litla möguleika sem þeir höfðu til að sjá sér farborða. Sigurjón Baldur Hafsteinsson heldur þeirri umfjöllun áfram og veltir fyrir sér á hvern hátt fötlun birtist í safnastarfi samtímans. Hann fjallar um samfélagslega ábyrgð safna og nefnir áhugaverð dæmi af verkefnum þar sem þáttur fatlaðs fólks í starfsemi var aukinn, þótt sitt hafi hverjum sýnt um raunverulegan árangur þess. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir skrifa um birtingarmynd fötlunar í barnabókmenntum. Þær benda á að gildismatið í mörgu barnaefni yti undi ályktanir sem styrki neikvæð viðhorf, aðgreiningu og einangrun fatlaðs fólks. Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir fjalla um söguna um Litla ljóta andarungann og sýna fram á að sagan endurspeglar það viðhorf að ákveðnir hópar ráði því hverjir teljist fullgildir þátttakendur. Fólk þurfi að breytast til að öðlast viðurkenningu af samfélaginu og eigi að vera þakklátt, fái það inngöngu. Rannveig Traustadóttir gerir ljósmyndasýningu Mary Ellen Mark „Undrabörn“ að umtalsefni er hún fjallar um birtingarmyndir fötlunar í listum og menningu. Þótt sá vettvangur ætti að vera kjörinn til að skapa virðingu og jákvæðni í garð fatlaðs fólks, þá skapar eða staðfestir hann oft fordóma, jafnvel þótt upphaflegt markmið hafi verið annað. Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson segja okkur frá því hvað einkennir orðræðu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, eins og hún birtist í tímaritum fjögurra heildarsamtaka. Þau varpa ljósi á þann mannréttindaskilning sem birtist í tímaritunum og á hvern hátt þau fjalla um fötlun. Eiríkur Þorláksson fjallar um stöðu fatlaðs fólks í listasögunni og er bjartsýnn á að hún fari batnandi á komandi árum, meðal annars fyrir tilstilli nýrra safna sem starfa á öðrum grundvelli en sögulegi hefð. Þar nefnir hann

meðal annars Safnasafnið á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð sem hefur sem stefnu að efna til sýninga eftir fatlaða listamenn. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir skrifa síðasta kafla bókarinnar sem fjallar um fötlunarlist. Með því er átt við listsköpun fatlaðs fólks, sem endurspeglar reynslu þess af fötlun og á rætur að rekja til mannréttindabaráttu fatlaðra. Hún felur því í sér gagnrýna ádeilu á mismunun, fordóma og samfélagslega útskúfun. Lesandinn fær gagnlega innsýn í erlenda og íslenska fötlunarlist svo sem gjörninga, myndbönd, uppistand og leiklist.

Bókin *Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi* er ákaflega falleg. Bókarkápan er einstaklega vel hönnuð og nokkrar skemmtilegar myndir prýða einnig innsíður. Bókin er vel skipulögð og handbragðið allt ber vott um að henni hafi verið ritstýrt af kunnáttu og metnaði. Kaflarnir eru hver öðum áhugaverðari. Lítil bein skörun er á milli þeirra, en góð samfella. Það sýnir að þrátt fyrir að höfundarnir komi úr ólíkum áttum fræðanna, þá eru þeir mjög vel til þess fallnir að kallast á.

Bókin kemur því vel til skila að sýn okkar á fötlun er félagslega skilyrt og hugtakið „eðlilegt“ er afstætt og breytilegt frá einum tíma til annars, frá einni menningu til annarrar. Þannig er orðræðan um fötlun ekki aðeins upplýsandi um stöðu fatlaðra í samfélaginu, heldur einnig um svo marga fleiri þætti samfélagsins. Á þann hátt er hér sannarlega á ferðinni „Íslandssaga í öðru ljósi“. Þótt bókin sé verðugt framlag til fötlunarfræða, þá fjallar hún einnig að verulegu leyti um samfélagsfræði, sem gagnast fleiri fræðigreinum en fötlunarfræðum.

Orðræðan um fötlun hefur áhrif á lífsskilyrði og líðan fatlaðs fólks. Því mun þessi fallega, metnaðarfulla og upplýsandi bók vonandi hafa jákvæð áhrif á umræðuna um stöðu og ímynd fatlaðra. Auk þess að vera gott fræðilegt innlegg mun bókin því vísast einnig hafa jákvæð pólitísk áhrif á réttindabaráttu fatlaðra.

